

Stofnanasamningur  
Náttúrustofu Vestfjarða  
og  
Félags íslenskra náttúrufræðinga

**1. Gildissvið**

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra félagsmanna Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) sem ráðnir eru til starfa hjá Náttúrustofu Vestfjarða áður Náttúrustofu Reykjaness. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og Náttúrustofunnar dags. 6. Nóvember 2002.

**2. Almennar skilgreiningar**

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, er vísireglar gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

**3. Skilgreining starfsheita og röðun í launaflokka**

Röðun starfs byggir á starfslýsingum og miðast við að um viðvarandi/stöðugt verksvið sé að ræða og skulu skilgreiningar starfaflokkunar Hagstofunnar (nú ÍSTARF95, 2. útgáfa) hafðar til hliðsjónar.

Skilgreining á starfsheimum og röðun í launaflokka byggist m.a. á. viðvarandi verksviði, ábyrgð og menntun. Við mat á ábyrgð skal taka mið af faglegrí, fjárhagslegri, stjórnunarlegri ábyrgð og ábyrgð á verkum. Líta skal til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegs skipulags. Líta til atriða eins og umfangs starfs, verkefna, álags viðfangsefna sem í starfinu felast. Líta skal til þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/ sérhæfing/fyrri reynsla) sem þarf til að geta innt starfið af hendi og sjálfstæðis sem viðkomandi hefur í vinnubrögðum.

Í tilvikum þar sem starfsmaður fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum starfsheita er heimilt með samkomulagi í samstarfsnefnd að raða honum sérstaklega.

**3.1 Skilgreiningar starfsheita**

Eftirfarandi starfsheiti miða við grunnmenntun starfsmanns (BS/BA) og er skilgreining starfsheita og launaflokkur eftirfarandi:

<i>Starfsheiti</i>	<i>launaflokkur</i>
N-I Náttúrufræðingur án starfsreynslu. Hann starfar undir daglegri stjórn og leiðsögn yfirmanna sinna. Hann nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkefna sem honum eru falin. Eftir 3 mánuði í starfi flyst starfsmaðurinn í starfsheitið S-I	5
S-I Sérfræðingur sem vinnur sjálfstætt að verkpáttum eða verkefnum, sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Eftir 12 mánuði í starfi sem S-I flyst starfsmaðurinn í starfsheitið S-II.	8

S-II	<i>Sérfræðingur</i> sem hefur umsjón með verkefnum, sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar.	10
S-III	<i>Sérfræðingur</i> sem hefur umsjón með stærri verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim. Hann sinnir faglegri ráðgjöf, þróun og áætlanagerð í samráði við sviðsstjóra eða forstöðumann.	13
DI	<i>Deildarstjóri</i> hefur umsjón með og er ábyrgur fyrir starfsemi starfstöðvar eða deildar. Hann tekur þátt í stefnumótun, ráðgjöf, öflun upplýsinga, þróun og áætlanagerð. Hann fer með yfirstjórn verkþátta er falla undir stofnun eða deildina og hefur samskipti við aðrar stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga í samráði við fagsviðstjóra eða forstöðumann.	16
S	<i>Sviðsstjóri</i> er yfirmaður sviðs skv. skipuriti. Hann stjórnar því, hefur mannaforráð og er ábyrgur fyrir starfsemi þess gagnvart forstöðumanni stofunnar. Hann mótar stefnu sviðsins, skipuleggur og hefur umsjón með umfangsmíklum þverfaglegum verkefnum.	19
F	<i>Forstöðumaður</i> annast stjórnun, áætlanagerð og sér um daglegan rekstur Náttúrustofunnar og er ábyrgur fyrir samskiptum við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, fjölmíðla og ráðuneyti. Hann tekur einnig þátt í rannsóknum og þjónustuverkefnum sem fram fara á vegum stofunnar eins og kostur er hverju sinni.	23

### **3.2 Þættir sem bætast við grunnröðun**

Raða skal í launaflokk m.t.t.:

- a) *starfsbundinna þátta*.
- b) *einstaklingsbundinna þátta*

Þar gildir eftirfarandi:

#### **3.2.1 Starfsbundnir þættir**

##### **3.2.1.1 Viðbótarmenntun**

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal hún metin til viðbótar við grunnröðun til launaflokka sem hér segir:

- Diplóma eða sambærilegt nám (60 ECTS) 2 launaflokkar
- Meistaránám (90-120 ECTS) 4 launaflokkar
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 ECTS) 6 launaflokkar

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

##### **3.2.1.2 Aðrir viðvarandi starfsbundnir þættir**

Mat á starfsbundnum þáttum fer fram árlega og getur leitt til hækkunar á launum. Mati skal lokið í nóvemberlok ár hvert. Svo að tryggt sé að ákvörðun sé tekin með málefnalegum hætti og jafnræðis sé gætt fer fulltrúi stéttarfélags árlega yfir matið.

<i>Álag</i>	
<i>Ábyrgð</i>	
<i>Umfang starfs</i>	
<i>Frammistaða</i>	
<i>Leiðbeining og fræðsla</i>	
<i>Virk þátttaka út á við í kynningar- og uppræðslustarfi</i>	
<i>Vinna með nefndum, stofnunum, ráðuneytum eða samsvarandi erlendum aðilum</i>	

Þættirnir eru metnir til stiga, hver þáttur gefur hæst 3 stig.

- Hver 3 stig eru metin til 1 launaflokks

### **3.2.2 Einstaklingsbundnir þættir**

#### **3.2.2.1 Menntun sem nýtist í starfi**

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins (3.1 og 3.2.1.1). Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 ECTS) leiði til hækkanar um 2 launaflokka, meistaragráða leiði til hækkanar um 4 launaflokka og doktors- eða sambærileg gráða um 6 launaflokka, en þó aldrei hærra en launataflan leyfir. Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

#### **Endurmenntun:**

Endur- og símenntun sem nýtist í starfi skal metin með eftirfarandi hætti:

Námskeið vega minnst 1 ECTS einingu og mest 5 ECTS einingar. Námskeið séu haldin af viðurkenndum aðilum (s.s. Endurmenntunarstofnun HÍ, stéttarfélögum eða fagfélögum). Námsdvöl við stofnanir eða önnur skipulögð menntun á háskólastigi getur gefið allt að 20 einingar. Þátttaka í fagráðstefnum getur gefið allt að 6 ECTS einingum mest ef þáttakandi er sjálfur fyrirlesari.

- 30 einingar eru metnar til 1 launaflokks

Hámarksfjöldi launaflokka sem fæst með endurmenntun er 3 launaflokkar.

#### **3.2.2.2 Reynsla:**

Með starfsreynslu í samningi þessum er bæði átt við:

- vinnu á fagsviði eftir að háskólanám er hafið
- nám og vinnu á fagsviði að loknu BSC/BA prófi.

1 ár í starfi	1 launaflokkur
3 ár	1 launaflokkur til viðbótar
5 ár í starfi	1 launaflokkur til viðbótar
7 ár í starfi	1 launaflokkur til viðbótar

#### **4. Tímabundin vik frá verksviði**

Sé starfsmanni falið tímabundið verkefni sem felur í sér meira umfang eða ábyrgð en gert er ráð fyrir í starfslýsingu eða viðvarandi verksviði hans á stofu skal hann fá hækkan launa meðan á því stendur. Gera skal tímabundinn sérsamning um starfsskyldur og greiðslur. Hafi starfsmaður starfað lengur en 18 mánuði á 24 mánaða tímabili á þessum kjörum verða þau varanleg.

#### **5. Endurmat starfskjara**

Einu sinni á ári skulu störf starfsmanns/starfskjör metin sameiginlega og þeir þættir endurmetnir sem hafa áhrif til hækunar á röðun hans skv. gr. 3-4 í samningi þessum og með tilliti til þess hvort starf skuli fært til annars starfaflokks (starfsheiti). Yfirmaður boðar enn fremur hvern starfsmann á fund til að ræða starf og starfssvið hans.

#### **6. Endurmat röðunar**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur samstarfsnefndar um röðun, á hann rétt á því að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar skv. 11. kafla núgildandi kjarasamnings.

#### **7. Greiðslur vegna skrifa, fyrilestrahalds og veggspjalda**

Greiðslum vegna skrifa er ætlað að vera afkastahvetjandi og þannig stuðla að hraðari fullvinnslu gagna. Einnig er þeim ætlað og að styrkja ímynd Náttúrustofunnar, enda getur slík kynning aukið álit á stofunni fyrir vísinda og fræðslustarf. Aðeins er greitt fyrir þætti sem eru á fagsviði Náttúrustofunnar og gerðir eru í nafni hennar.

Greitt er í formi yfirvinnutíma

#### **Tímafjöldi**

##### **A. Skriftir -frágangur verkefna**

Innlend rit	20
Innlend fagrit (ritrýnd)	40
Erlend fagrit (notes eða brief communications)	30 - 50
Erlend fagrit (ritrýndar greinar og yfirlitsgreinar)	70 – 100
Bækur eða bókakaflar verði metnir sem ígildi greina.	

##### **B. Óvenju umfangsmikil verkefni (ráðstefnur, koma upp**

**tækjabúnaði, undirbúningur og skipulag nýrra verkefna)**

10 – 100

#### **8. Hlíðarfatnaður**

Stofnunin sér starfsmönnum fyrir nauðsynlegum hlíðarfatnaði við vinnu þeirra og endurnýjar eftir eðlilegt slit eða óhöpp. Hlíðarfatnaður falli að þörfum hvers starfs og getur verið einstaklingsbundinn eða samnýttur. Dæmi um einstaklingsbundinn hlíðarfatnað er vind- og regnheldur göngujakki og buxur (goretex eða sambærilegt), gönguskór, flíspeysa, húfa og

vettlingar. Dæmi um samnýttan hlífðarfatnað er vöðlur, rannsóknasloppur, gúmmistígvél, gúmmígalli og gúmmihanskar.

Stofnunin getur farið fram á að hlífðarfatnaður og áhöld séu merkt stofnuninni. Ef starfsmaður telur að hlífðarfatnaður eða áhöld sem stofnunin veitir uppfylli ekki þær kröfur sem starfsmaðurinn gerir er í undantekningartilvikum hægt að semja um að starfsmaður fái greiðslu sem samsvarar þeim kostnaði sem stofnunin ber vegna annarra starfsmanna og að starfsmaður útvegi sér sjálfur viðkomandi hlífðarfatnað eða áhald.

#### **10. Ákvæði um endurskoðun**

Aðilar eru sammála um að endurskoða stofnanasamning þennan árlega ef annar hvor aðili óskar þess.

#### **10. Gildistími**

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. júní 2016 og gildir til 31. desember 2017, en aðilar eru sammála um að þá taki nýr stofnanasamningur gildi.

Reykjavík, 10. maí 2019

f.h. Náttúrustofu Vestfjarða

Ísmáni Þorvaldsson  
stjórnarforman .

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Mára Anna Ás

**Samkomulag Náttúrustofu Vestfjarða og  
Félags íslenskra náttúrufræðinga um laun námsmanna í raungreinum**

1. Samkomulag þetta nær til þeirra námsmanna í raungreinum sem eiga aukaaðild að Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og starfa hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Aukafélagi hefur lokið a.m.k. 30 einingum til fyrsta háskólaprófs í raungreinum.
2. Námsmaður skal raðast í launaflokka sbr. kjarasamningi félagsins við fjármálaráðherra, eins og hann er á hverjum tíma.

Röðun í launaflokk verði sem hér segir:

Námsmaður sem lokið hefur 30 einingum.	1
Námsmaður sem lokið hefur 60 einingum.	2
Námsmaður sem lokið hefur 90 einingum.	3

3. Laun skv. samkomulagi þessu séu einungis greidd þeim sem rétt eiga að aukaaðild að FÍN.
4. Gildistími samkomulags þessa er frá 1. júní 2016. Heimilt er að endurskoða samkomulagið á sama tíma og stofnanasamning Náttúrustofu Vestfjarða og FÍN.

Reykjavík, 10. maí 2019

f.h. Náttúrustofu Vestfjarða

Ísmár Þorvaldsson  
stjórnarform.

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Macame Aðal